

# 76. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 12. desember, 2014, kl. 12:10

## Fundinn sátu:

*Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Lára Hreinsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Eygló Kristjánsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Freyja Rós Haraldsdóttir, Elva Rún Erlingsdóttir, nýr fulltrúi nemenda og Guðni Árnason, fltr. foreldra  
Gunnar Þorgeirsson var forfallaður.*

### Dagskrá:

- 1 Ársreikningur Mötuneytis ML – 1. ágúst 2013 - 31. júlí 2014
- 2 Starfsmannalisti – breytingar frá fyrra ári og fyrirsjáanlega breytingar
- 3 Skólapúlsinn – niðurstöður síðustu könnunar
- 4 Fjárhagsáætlun 2015
- 5 Nýjar brautalýsingar
- 6 Önnur mál

Í fjarveru formanns, setti Eygló Kristjánsdóttir fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

## 1. Ársreikningur Mötuneytis ML – 1. ágúst 2013 - 31. júlí 2014

Undir þessum lið sátu Guðríður Erna Halldórsdóttir, fyrrverandi gjaldkeri, og Ragnheiður Bjarnadóttir, nýráðinn gjaldkeri, fundinn. Erna kynnti helstu lykiltölur í reikningnum (fskj.1), skýrði ýmsa þætti hans og svaraði spurningum fundarmanna um einstaka þætti. Hagnaður reyndist tæpar 4,3 milljónir.

Reikningurinn var staðfestur.

G. Erna Halldórsdóttir lét af störfum þann 31. október og skm. flutti henni þakkir fyrir ágæt störf hennar fyrir skólann og samstarfið, um leið og hann afhenti henni blómvönd og bókargjöf í þakklætisskyni. Þá var Ragnheiður boðin velkomin til starfa.

## 2. Starfsmannalisti – breytingar frá fyrra ári og fyrirsjáanlegar breytingar

Skm. kynnti þær breytingar sem urðu á síðasta hausti og þær breytingar sem vitað er um (fskj. 2).

## 3. Skólapúlsinn – niðurstöður síðustu könnunar

Páll kynnti helstu niðurstöður, en þátttaka nemenda reyndist 92,1%. Skólapúlsinn var einnig lagður fyrir í nóvember 2013, en með því er hægt að sjá breytingar á milli ára. Þrír meginþættirnir sem voru kannaðir voru: námsumhverfi, virkni í námi og líðan.

## 4. Fjárhagsáætlun 2015

Skm. kynnti helstu þætti áætlunarinnar (fskj. 3).

Um áramót flyst húsnæði á vegum skólans til Fasteigna ríkisins og skýrir það hækkun á húsnæðislið.

## 5. Nýjar brautalýsingar

Skm. hafði framsögu undir þessum lið og greindi frá þeirri vinnu sem farið hefur fram og hvað er framundan. Hann dreifði hugmynd að nýju brautaskipulagi sem tekur mið af því að nemendur ljúki námi við skólann á 3 árum (fskj. 4). Hann dreifði einnig upplýsingum um Fjarmentaskólann (fskj. 5).

Miklar umræður urðu um menntamál í nokkuð víðum skilningi undir þessum lið.

Undir lok hans vék Sigurður Ingi af fundi.

Skólanefnd samþykkir að drögin sem lögð voru fram á fundinum verði unnin áfram og að á frá komandi hausti taki skólinn inn nemendur á tvær þriggja ára námsbrautir.

## 6. Önnur mál

a. Guðni greindi frá hugmynd foreldrafélagsins um að standa fyrir sjálfsstyrkingarnámskeiði fyrir nemendur skólans.

Þá hefur foreldrafélagið einnig áform um að fá Jón Jónsson, hagfræðing til að halda námskeið í fjármálalæsi fyrir nemendur.

Þessum hugmyndum var vel tekið.

Guðni spurði um NEMEL, virkni þess og hverjir væru þar í forsvari. Skm. greindi frá því helsta sem félagið vinnur að. Í því sambandi tæpti hann meðal annars á fyrirhugaðri vinnu við myndasafn skólans, sem síðan tengist NEMEL.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason